

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 10. nóvember 2022
UST202211-059/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016 - 2032 - Hólakot

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 fyrir Hólakot.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 12 ha spilda úr landi Hólakots er breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð.

Umhverfisþættir

Í greinargerð segir að yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu sé að finna í töflu 2. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Hins vegar þarf að mati Umhverfisstofnunar að yfirfara viðmiðin og setja inn viðeigandi lög og reglugerðir og umfjöllun um alþjóðlegar skuldbindingar.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni. Auk þarf að koma fram, ef tillagan hefur áhrif á vistgerðirnar og búsvæðin, hvaða leiðir verði farnar til raska ekki ofangreindum vistgerðir og búsvæðum fuglanna.

Skipulagsleg staða – aðalskipulag

Að mati Umhverfisstofnunar vantar umfjöllun úr gildandi aðalskipulagi um viðeigandi þætti er varða breytingar á aðalskipulagi og tengjast náttúruvernd en fjallað er um þá stefnu gildandi aðalskipulags, m.a. á bls. 8.¹

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

¹ <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=08636510213477568210>